

Borgarráð 18.7.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands varðandi nýtt leiðanet Strætó - R19070149

Í lok maí 2019 greindi Strætó bs. frá því að vinna væri hafin við nýtt leiðanet Strætó, en það er skipulagt með því markmiði að tengja vagna Strætó við fyrsta áfanga borgarlínu. Í því tilefni setti Strætó fram könnun á Facebook síðu sína og óskaði eftir því að sem flestir gætu tekið þátt í þeirri könnun. Könnunin var líka sett inn á vefsíðu Strætó. Var könnunin auglýst á fleiri stöðum? Hversu margir tóku þátt í könnunni? Ef að þátttaka var ekki mikil verður þá leitast við að fá fleiri strætónotendur til að svara könnuninni? Það er mikilvægt að sem flestar raddir komi fram og ekki allir sem sjá tilkynningar sem eru einungis á vefnum.